

Dags eftirlits	18.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600212-2570	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Guðný Einarsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	66°02.296'N 23°03.342'V

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.
Engin starfssemi er í stöðinni og starfsleyfið rann úr gildi þann 4. júní 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða kvíaeldisstöð í Önundarfirði. Starfsleyfið er fyrir eldi á regnbogasilungi, með allt að 199t framleiðslu árlega.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Engin starfsemi er í stöðinni og hefur ekki verið frá því að starfsleyfið var fært yfir á nafn núverandi rekstraraðila árið 2016. Starfsleyfið rann út þann 4. júní sl. er er því úr gildi. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar voru gerðar á áhættumatinu á milli ára og flokkast starfsemin áfram í eftirlitsflokk D sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn þriðja hvert ár.

Fundað var með rekstraraðila í tengslum við eftirlit í stöð rekstraraðila í Patreks- og Tálknafirði þann 16. ágúst sl. og farið yfir stöðu mála. Umsókn um nýtt leyfi sömu staðsetningu hefur verið send til Umhverfisstofnunar og er í viðeigandi ferli þar.

Keyrt var meðfram strandlengjunni í Önundarfirði þann 18. ágúst sl. og litið yfir kvíasvæðið. Veður var stillt og bjart og vel sást yfir fjörðinn. Engar kvíar á vegum rekstraraðila voru sjáanlegar í firðinum. Rekstraraðili tilkynnti núll skýrslur varðandi starfsleyfi án starfsemi þann 28. apríl sl.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNÆÐ

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðin um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunarhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti enda ekki um neina starfsemi á svæðinu að ræða.

Reykjavík, 13.09.2022

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Arnadóttir
Guðbjörg Stella Arnadóttir